

# Þingsályktun

## um aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hrinda í framkvæmd eftirfarandi aðgerðaáætlun sem miði að því að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu:

- Innleiddar verði viðbótartryggingar gagnvart innfluttu kalkúnakjöti, kjúklingakjöti og eggjum.
- Óskað verði eftir viðbótartryggingum vegna innflutts svínakjöts og nautakjöts.
- Bönnuð verði dreifing alifuglakjöts nema sýnt sé fram á að ekki hafi greinst kampýló-bakter í því.
- Sett verði á fót áhættumatsnefnd.
- Átak verði gert til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.
- Tryggð verði skjótari innleiðing reglugerða Evrópusambandsins þegar stöðva þarf innflutning á tilteknum vörum með skömmum fyrirvara.
- Innleidd verði reglugerð (EB) nr. 206/2009 um innflutning dýraafurða til einkaneyslu.
- Opinberum eftirlitsaðilum verði tryggð heimild til að leggja stjórnvaldssektir á matvæla-fyrirtæki sem brjóta gegn banni við dreifingu alifuglakjöts án sönnunar fyrir því að ekki hafi greinst í því kampýló-bakter.
- Tryggð verði aukin fræðsla til ferðamanna um innflutning afurða úr dýraríkinu.
- Settur verði á fót sjóður með áherslu á eflingu nýsköpunar í innlandri matvælaframleiðslu.
- Innleidd verði stefna opinberra aðila um innkaup á matvælum.
- Mótuð verði matvælastefna fyrir Ísland.
- Ráðist verði í átak um betri merkingar matvæla.
- Könnuð verði þróun tollverndar og greind staða íslensks landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.
- Tekið verði til skoðunar að setja á fót sérstakan tryggingarsjóð vegna tjóns sem framleiðendur geta orðið fyrir vegna búfjárjúkdóma.
- Tollskrá fyrir landbúnaðarvörur verði endurskoðuð.
- Ráðist verði í átak um aukið eftirlit í kjölfar afnáms leyfisveitingakerfisins.

Ráðherra flytji Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir 1. nóvember 2019 og kynni hana atvinnuveganefnd.

---

*Samþykkt á Alþingi 19. júní 2019.*